

M-58/2019. Álit 17. desember 2019.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. desember 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-58/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 26. júlí 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina haldna galla og krefst skaðabóta.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beiðt kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi hafi fest kaup á bifreið af gerðinni Volkswagen Polo fyrir 3.150.000 krónur af seljanda. Álitsbeiðandi telur að bifreiðin sé haldin galla sem seljanda hafi verið kunnugt um fyrir söluna. Álitsbeiðandi hafi hins vegar ekki verið upplýstur um gallann fyrr en við afhendingu og eftir greiðslu kaupverðs. Hafi gallinn falist í því að fimm manns geti ekki verið í bifreiðinni vegna galla í beltislás, en hann geti opnast þegar sætisbelti í miðjunni að aftan og vinstra megin að aftan séu notuð á sama tíma. Þá hafi seljandi gefið út innköllun vegna framangreinds. Krefst álitsbeiðandi þess í málinu að seljanda verði gert að greiða honum skaðabætur.

Hinn 14. ágúst 2019 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir gögnum til stuðnings kröfu álitsbeiðanda, nánari upplýsingum um málsatvik auk upplýsinga um samskipti milli álitsbeiðanda og seljanda.

Hinn 5. september 2019 var álitsbeiðanda sent annað bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir því að álitsbeiðandi gerði betur grein fyrir málsatvikum auk þess sem óskað var eftir gögnum til stuðnings kröfu hans.

Hinn 4. desember 2019 var álitsbeiðanda á ný sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir nánari upplýsingum um atvik málsins svo nefndin gæti tekið afstöðu til ágreiningsins. Einnig var óskað eftir því að álitsbeiðandi setti fram skýrari kröfugerð í málinu og ítrekuð beiðni um gögn til stuðnings kröfugerðar hans.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindum bréfum. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera

skal hún vísa máli frá. Þá vísar kærunefndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli tilgreindrar heimildar telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsemi þessari frá.

IV

Álitserð

Álitsemi álitsemiðanda, X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Sölvi Davíðsson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson